

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1943. 11. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðandi: Framkvæmda- og menningarsjóður Þingeyrarhrepps.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn váttryggingarfélagsins Verðandi, er starfaði að eldsvoðatryggingu í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu árin 1904—1934 eða þar til almenn tryggingarskylda hjá Brunabótafélagi Íslands var í lög leidd.

3. gr.

Stofnféð er varasjóður félagsins, eins og hann var í árslok 1942, kr. 32811.13 — þrjátíu og tvö þúsund átta hundruð og ellefu og  $\frac{13}{100}$  krónur — og geymt er í vel tryggðum veðlánnum, innlánskírteinum, banka- og sparisjóðsinnstæðum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. að styrkja verklegar framkvæmdir í Þingeyrarhreppi, bæði á sjó og landi. Þar til telst: allar tegundir jarðræktar (tún-, garð-, korn- og skógrækt), iðnaður, rafvirkjanir, umbætur í húsagerð, samgöngur, hverju nafni sem nefnast, og sjávarútvegsmaal;
2. að styðja og efla andlega menningu hreppsþúa. Má þar til nefna:
  - a. úthlutun á styrkjum og verðlaunum til unglinga, er sýnt hafa ótvíræða námshæfileika og lofsverðan dugnað, hvort heldur við sjálfsnám eða skólagöngu;
  - b. stuðning við skólastofnanir og skólalald, heimilisiðnað og heimilismenningu;
  - c. hverja þá aðra menningarstarfsemi, er sjóðstjórnin telur þess verða að veita fjárhagslega aðstoð.

5. gr.

Starfsvið sjóðsins er Þingeyrarhreppur, eins og hann er nú.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en vaxtatekjum skal verja samkvæmt 4. gr. Heimilt er að láta sjóðinn taka til starfa árið 1944. Eigi má verja til framkvæmda nema  $\frac{2}{3}$  ársvaxtanna, þar til þeir nema kr. 4000 — fjögur þúsund krónum — á ári. Eftir það má úthluta  $\frac{3}{4}$  hlutum árlega.

Hinn hluti vaxtanna, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast árlega við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þriggja manna nefnd. Skulu þeir allir vera búsettir í Þingeyrarhreppi.

144 Hreppstjóri og oddviti (eða varaoddviti) hreppsins á hverjum tíma skulu vera sjálfkjörnir í stjórnarnefndina, en sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kýs þriðja nefndarmanninn til fjögurra ára í senn.

Nefndarmenn skipta með sér störfum þannig, að einn er formaður, annar ritari og hinn þriðji féhirðir.

#### 8. gr.

Verksvið stjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða og sjá um úthlutun styrkja eða verðlauna, og annast reikningshald og vörzlu sjóðsins að öllu leyti.

#### 9. gr.

Skyll er stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa, aðalefnið úr erindum eða styrkbeiðnum, er stjórninni berast, svör hennar við þeim, svo og annað, sem varðar hag sjóðsins.

Einnig skal stjórnarnefndin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, sundurliðaða skrá yfir veðbréf og önnur veðbréf, ásamt ársreikningi og efnahagsreikningi við hver áramót, og bera allir stjórnarnefndarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

#### 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar næst á eftir. Rita allir stjórnarnefndarmenn undir þá, og síðan skulu reikningarnir sendir oddvita sýslunefndar, er leggur þá fyrir sýslufund til endurskoðunar og úrskurðar.

#### 11. gr.

Allar umsóknir um fé úr sjóðnum skulu stílaðar til sjóðstjórnarinnar og sendast formanni hennar. Þeim skulu fylgja skilríki, er stjórnin kann að krefjast hvert sinn, svo og aðrar upplýsingar varðandi hag umsækjenda.

Heimilt er stjórninni að veita sama manni eða fyrirtæki fjárframlag oftár en eitt ár í senn, ef henni þykja ástæður mæla með því, enda séu ekki aðrir verðugri, sem um sækja.

#### 12. gr.

Nú kemur fyrir eitt eða fleiri ár, sem engu fé er úthlutað úr sjóðnum og skal þá sá hluti ársvaxtanna, sem ekki leggst við höfuðstól og veita á samkvæmt 6. gr., tekinn frá eigi að síður, þau árin sem hin, og leggjast í sérstaka viðskiptabók við sparisjóð eða banka. Síðar er svo heimilt að ráðstafa þessu fé, að einhverju eða öllu leyti, ef ástæður mæla með að áliti sjóðstjórnar, til viðbótar vaxtahluta þess árs, sem ætlaður er til úthlutunar.

#### 13. gr.

Þegar stjórn sjóðsins þykir henta, má hún verja nokkrum hluta stofnfjárins til kaupa á ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum, bankavaxtabréfum eða öðrum jafntryggum veðbréfum. Annað af höfuðstólnum skal ávaxta í banka, sparisjóði Þingeyrarhrepps eða á öðrum stöðum, er telja má fulltrygga.

#### 14. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, er stundir líða fram, en þá verða allir stjórnarnefndarmenn að vera sammála um breytinguna, og sýslunefnd að samþykkja hana.

En aldrei má breyta þeim meginatriðum skipulagsskrár þessarar:

- a. að auka og bæta gróður jarðar;

- b. að tryggja fjárhagsafkomu og lífsskilyrði almennings;  
 c. að styrkja fólk til menningar og mennta, og  
 d. að viðhalda heilbrigðu, menningarlegu þjóðlífi kaupþúns- og sveitarbúa.

144

11. júní

## 15. gr.

Leitað skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

**SAMPYKKTIR****fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar.**

145

11. júní

**I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.**

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnsettur 1. janúar 1914 og heitir Sparisjóður Ólafsfjarðar, og skal heimili hans og varnarþing vera í Ólafsfirði.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til að geyma og ávaxta peninga og greiða fyrir viðskiptum, sérstaklega fyrir íbúa Ólafsfjarðar. Stjórnendur sjóðsins skulu eiga heimili í Ólafsfirði og skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert.

## 3. gr.

Sjóðurinn er eign Ólafsfjarðarhrepps og ber hann, auk varasjóðs, ábyrgð á allt að kr. 10000.00 — tíu þúsund krónum — til tryggingar innstæðum viðskiptamanna við sjóðinn. Hreppsnefnd Ólafsfjarðar kys 12 manna yfirstjórn, sem gæta skal hagsmuna sjóðsins. Stjórnarnefnd þessi skal kosin til fjögurra ára, að þeim tíma liðnum ganga 6 menn úr stjórninni, eftir hlutkesti, og eftir næstu fjögur ár hinn helmingur stjórnarinnar á sama hátt, o. s. frv.

Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af hreppsnefnd, eða verði á lögætlan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að hreppsnefndin kjósi annan í hans stað.

Yfirstjórn þessi kys starfrækslustjórn sjóðsins, og gerir að öðru leyti á hinum árlega aðalfundi ályktanir um nauðsynleg málefni sparisjóðsins.

## 4. gr.

Starfrækslustjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kjörnir á aðalfundi. Auk þeirra skal kjósa tvo varamenn, er koma í stað hinna í forföllum þeirra. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bág við hagsmunum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.